

## 6. gr.

Verði rentur af stofnfé sjóðsins það háar að stjórn sjóðsins þyki ástæða til, hefur hún heimild til að verja nokkrum hluta tekna til annarra útgjalda í þágu ræmenda skólans. Þó má aldrei nota fé sjóðsins sem beinan rekstursstyrk skólans til handa.

179

3. okt.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum og eiga þessir sæti í henni: Sóknarprestur, sem er formaður, skólastjóri barnaskólans og skólanefndarformaður eða í hans stað maður kosinn af skólanefnd.

## 8. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu eða annarri tryggri lánsstofnun. Skal stjórn sjóðsins færa dagbók fyrir sjóðinn, þar sem í séu rituð nöfn allra þeirra, er verðlaun hafa hlotið frá sjóðnum, svo og árlegar tekjur og gjöld.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar árlega endurskoðaðir af manni, sem skólanefnd kýs til þess.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar“, 180  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. október 1947. 3. okt.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrahússjóður Höfðakaupstaðar. Starfssvið hans er Höfðahreppur í Húnavatnssýslu með þeim takmörkum, sem hann hefur í árslok 1947.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur, er kvenfélagið Eining í Höfðahreppi hefur afhent honum.

## 3. gr.

Sjóðurinn tekur með þakklæti móti gjöfum og áheitum eða öðru styrktarfé, og leggst það allt við stofnféð og myndar höfuðstól sjóðsins, sem ávaxta skal í Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi, eða annarri tryggri peningastofnun.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan falin þrem konum búsettum í Höfðakaupstað. Skal starfandi ljósmóðir kaupsins ávallt sjálfkjörin í stjórnina, en meðstjórnendur hennar kýs Kvenfélagið Eining. Skulu þær konur kosnar til fjögurra ára, og ganga úr á víxl á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn 1949, og þá eftir hlutkesti. Leggist félagið niður skulu meðstjórnendur kosnir af þeim konum búsettum í Höfðahreppi, sem náð hafa 18 ára aldri.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins annast allar framkvæmdir hans. Hún skal halda gerðabók, skal færa í hverja þeirra skipulagsskrá sjóðsins, enn fremur alla reikninga, er sjóðinn

**180** varða, fundargerðir stjórnarinnar, eignaskrá, í lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, og annað það, er varðar hag sjóðsins. Hlotnist sjóðnum minningargjafir um látna menn eða konum, skal einnig færa í gerðabókina árlega sérstaka nákvæma skrá yfir þær. Kvenfélaginu Eining ber að kjósa tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins, og skulu þeir hafa eftirlit með að skipulagsskrá hans sé fylgt. Þeir skulu vera búsettir í Höfðakaupstað.

## 6. gr.

Markmið sjóðsins er að beita sér fyrir og styrkja sjúkrahúsbyggingu hér í Höfðakaupstað og síðar að starfrækja sjúkrahús það, sem byggt verður.

## 7. gr.

Þegar sjóðurinn, að dómi sjóðstjórnar, er orðinn nægilegur til að hefja sjúkrahúsbyggingu, skal þegar byrja á byggingunni.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Höfðakaupstað, 24. júlí 1947.

Í stjórn Kvenfélagsins Einingar

Sigríður Guðnadóttir,  
formaður.

Sigurlaug Helgadóttir,  
féhirðir.

Margrét Konráðsdóttir,  
ritari.

**181** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningargjafasjóð Kvenfélags  
16. okt. Lunddæla“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 16. október 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningargjafasjóð Kvenfélags Lunddæla.

## 1. gr.

Sjóður þessi heitir Minningargjafasjóður Kvenfélags Lunddæla. Hann er stofnaður af Kvenfélagi Lunddæla með gjöfum frá því, og frá einstökum konum innan kvenfélagsins og utan, til minningar um nokkra látna Lunddælinga. Sjóðurinn er nú kr. 839.78.

## 2. gr.

Ætlast er til að sjóður þessi verði aukinn með sérstökum minningargjöfum, áheitum og með sölu minningarspjalda.

## 3. gr.

Nöfn látinna manna, sem minnst verður á þennan hátt, skulu færð inn í sérstaka bók ásamt dánardægri þeirra, upphæð gjafa og nöfnum gefenda.

## 4. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtaður í sparissjóði eða banka.